

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2013.

Umsögn um breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 - þskj. 631 - 490. mál

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis dags. 25. janúar sl. þar sem 365 miðlum var veittur kostur á að skila inn umsögn um breytingu á lögum um fjölmiðla, þskj. 631 - 490. mál.


365 telur að „vatnaskilaákvæði“ í 28. grein laganna eigi að hefjast á gulmerktu (aldursmerkt undir 12 ára aldri) efni eftir kl. 19.30 alla daga vikunnar og rauðmerktu (aldursmerkt 16 ára og eldri) eftir kl. 21.00 alla daga vikunnar. Miðað er við aldursmerkingar frá Smáis, Samtökum myndrétthafa, sem aðgengilegar eru á www.kvikmyndaskodun.is. 365 miðlar nota alþjóðlegt skoðunarkerfi, Kijkwijzer, við ákvarðanir á aldursmerkingum.

Þessi umsögn okkar tekur mið af reglum og löggjöf nokkurra nágrannalanda að því tilskildu að aldursmerkingar séu aðgengilegar áhorfendum yfir sýningartíma á myndefni. Að auki viðvaranir við upphaf myndefnis eins og þurfa þykir hverju sinni.

365 miðlar vekja athygli á því að á sama tíma og strangar tímatakmarkanir eru í gildi á sýningum á aldursmerktu sjónvarpsefni er miklu skaðlegra myndefni aðgengilegt börnum á netinu án tímamarka.

365 miðlar áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum þegar breytingatillögurnar verða ræddar á Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. 365 miðla


Pálmi Guðmundsson
framkvæmdastjóri dagskrársviðs